

## Vinnureglur og skilyrði Frummeðferð, viðbótarmeðferð og langtímameðferð

Vinnureglum þessum er ætlað að tryggja að einstaklingar sem falla undir skilyrði skv 4. gr. með miklar tal- og málþroskaraskanir njóti greiðsluþátttöku SÍ vegna nauðsynlegrar talþjálfunar umfram 20 skipti á ári, sbr. 1. mgr. 6.gr. reglugerðar nr. 721/2009 með síðari breytingum. Einnig einstaklinga þar sem veikindi leiða til mjög skertar hæfni til að tjá sig í töluðu máli og talþjálfunin er nauðsynlegur hluti af endurhæfingarferli.

Þegar tal og málþroskaraskanir eru metnar skal nota stöðluð matstæki, sjá nánar lista yfir matstæki í fylgiskjali II.

### 1. Frummeðferð

Frummeðferð felur í sér allt að 20 skipti og gildir í 12 mánuði frá því að meðferð eða greining hefst hjá talmeinafræðingi sem starfar samkvæmt samningi þessum.

**Umsókn um frummeðferð.** Áður en frummeðferð hefst skal liggja fyrir meðferðarbeiðni lækni og sjúkdómsgreining. Niðurstöður prófunar skulu sendar SÍ sem greiðir annað hvort greiningu og/eða frummeðferð (greining og meðferð). Skriflegt samþykki SÍ um greiðsluþátttöku þarf að liggja fyrir áður en meðferð hefst.

### 2. Viðbótarmeðferð

Sjúkratryggður getur átt rétt á nauðsynlegri viðbótarmeðferð umfram 20 skipti sbr. reglugerð nr. 721/2009 með síðari breytingum. Skilyrði greiðslu er að SÍ hafi samþykkt slíka meðferð áður en hún er veitt. Viðbótarmeðferð er veitt í allt að 15 skipti á 12 mánaða tímabili á meðan beiðni er í gildi.

**Umsókn um viðbótarmeðferð.** Samþykki SÍ þarf fyrir viðbótarmeðferð. Þegar sótt er um viðbótarmeðferð í talþjálfun, á 12 mánaða tímabili, þarf að fylla út umsókn um viðbótarmeðferð. Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ skulu vera uppfyllt í umsókn, *sjá skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ fyrir viðbótar- og langtímameðferð hér að neðan*. Þegar útfyllingu er lokið er skjal sent til SÍ.

- Ef nauðsyn er talin vera fyrir viðbótarmeðferð er SÍ heimilt, samkvæmt umsókn, að ákvarða viðbótarmeðferð í talþjálfun.
- Ef þau skilyrði sem fram koma í umsókn um viðbótarmeðferð eru ekki uppfyllt er frekari greiðsluþátttöku SÍ í talþjálfun hafnað og viðkomandi aðilum sent bréf þess efnis frá SÍ.

### 3. Langtímameðferð

Sjúkratryggður getur átt rétt á nauðsynlegri langtímameðferð þegar sjúkdómsgreining gefur tilefni til reglubundinna meðferðar til langs tíma. Skilyrði greiðslu er að SÍ hafi samþykkt slíka meðferð áður en meðferð er veitt. Heimilt er að samþykkja langtímameðferð í allt að 5 ár.

**Umsókn um langtímameðferð.** Samþykki SÍ þarf fyrir langtímameðferð. Talmeinafræðingur sendir umsókn um langtímameðferð til SÍ og afrit til meðhöndlandi lækni. Ef hlé hefur orðið á meðferð og beiðni er ekki gildi þarf ný beiðni lækni að berast til SÍ. Þegar sótt er um langtímameðferð í talþjálfun þarf að koma fram í umsókn að skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ

séu uppfyllt, sjá skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ fyrir viðbótar- og langtímameðferð hér að neðan. Með beiðni þarf að fylgja greinagerð um ástæður fyrir fyrir langtímameðferð, áætluð meðferðartíðni og tímalengd (sjá leiðbeiningar í fylgiskjali VI).

## Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ fyrir viðbótar- og langtímameðferð

### Uppfylla þarf bæði lið A og B:

#### A. Annað eftirfarandi skilyrða þarf að vera uppfyllt:

1. Tal- og málþroskaraskanir falla enn innan þeirra viðmiða sem fjallað er um í 4. gr. rammisamnings SÍ.\*
2. Talþjálfun er nauðsynleg til að hindra frekari færniskerðingu t.d. í kjölfar aðgerða, veikinda, slysa eða afleiðinga langvinnra sjúkdóma.

#### B. Talþjálfunin er nauðsynleg vegna einhverra eftirtalinna þátta:

- Talþjálfun vegna fötlunar, meðfæddra vansköpunar eða vegna fráviks frá eðlilegum tal- og málþroska.
- Talþjálfun sem er nauðsynlegur liður í meðferð eða endurhæfingu vegna eftirtalinna langvinnra sjúkdóma, aðgerða, slysa eða annars ástands þar sem sýnt þykir að þjálfunin geti seinkað eða komið í veg fyrir meiri háttar færniskerðingu í skilningi og tjáningu máls:
  - Taugasjúkdómar eins og málstol, Parkinson, MS, MND, vöðvarýrnunarsjúkdómar eða sambærilegt.
  - Aðgerðir á munnholi, koki, barkakýli og/eða barka.
  - Kyngingartregða vegna sköddunar í taugum/vöðvum eða skaða í heila/heilastofni.

**\*Vafamál:** Ef greinilegt bataferli er í gangi með endurteknum mælingum en ekki hefur þó náðst ásættanlegur árangur og talmeinafræðingur telur áframhaldandi talþjálfun nauðsynlega, er í sérstökum undantekningartilvikum heimilt að samþykkja viðbótar meðferð þó svo að tal- og málþroskaraskanir falli ekki lengur innan þeirra viðmiða sem fram koma í 4. gr. Með umsókn skal þá fylgja ítarlegur rökstuðningur talmeinafræðings þar sem fram kemur niðurstaða skoðunar og endurmats (framför í meðferð í máli og tjáningu), meðferðaráætlun og markmið meðferðar.